

## 1. fundur Skólaráðs – 9.nóvember 2023.

Mættir: Sigrún Jóna Eydal, Brynja Ásdís Einarsdóttir, Ester Petra Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Nína Sólveig Svavarsdóttir og Tómas Heiðar Helgason, fulltrúar nemanda, Sólveig Baldursdóttir og Þórhildur Halla Jónsdóttir var veik, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna var veik, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri.

### Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2023-2024
2. Viðburða og skóladagatal
3. Skipulag og áherslur vetrarins, teymi og fleira
4. Skólanámskrá – starfsáætlun fyrir 2023-2024
5. Önnur mál

### 1. Starfsáætlun

Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin út frá verkefnum. Fundardagar og tími ákveðinn.

### 2. Viðburða og skóladagatal

Skóla- og viðburðadagatal er á heimasíðu skólans. Á dagatalinu er skipulag vetrarins með helstu viðburðum skólaársins en síðan er annað dagatal með fundum starfsmanna. Farið var í gegnum fasta liði á viðburðadagatalinu.

### 3. Farið yfir skipulag og áherslur vetrarins.

Haustið fer vel af stað og er skólinn nokkuð vel mannaður, tveir kennarar í langtímaveikindum, ein í fæðingarorlofi, tveir til viðbótar í tímabundnum veikindum frá hausti. Nokkrir nýir kennarar eru við skólann og hafa ekki verið fleiri karlmenn starfandi við skólann í mörg ár. Okkur lýst mjög vel á nýja fólkið okkar og er virkilega góður andi í starfsmannahópnum enda stutt við góða andann með ýmsum viðburðum eins og við vorum með félagsvist og grísaleik hrós í gangi til jólaleyfis. Í skólanum eru öll lögbundin teymi starfandi ásamt teymlum sem tengjast verkefnum sem skólinn tekur þátt í t.d. grænfána- og heilsuteymi. Haustfundir hafa farið fram í fyrstu viku september.

4. **Skólanámskrá og starfsáætlun** eru í vinnslu á lokametrum og verða sett á heimasíðu skólans þar sem skólaráðsmeðlimir geta skoðað þær. Skólanámskrá öll heftin verða kynnt lauslega á næsta fundi ásamt starfsáætlun skólans. Fundarmenn voru beðnir um að kynna sér hana betur heima og undirrita síðan staðfestingu á að þessi skjöl hefðu verið kynnt fyrir Skólaráði þegar að því kemur. Skólaráð er einungis umsagnaraðili skólanámskrár og starfsáætlunar.

### 5. Önnur mál

Rætt um lýðræðisþingið og úrvinnslu, Kynfræðslu unglunga sem er verið að innleiða í alla grunnskóla í Hafnarfirði. Einnig var rætt um skólamatinn og hafragrautinn. Ákveðið að skólastjóri færi í þekkingu til að minna á þetta góða boð að fá hafragraut og hvetja nemendur til að nýta sér það.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:30

Næsti fundur verður í lok nóvember.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir